

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 7. nóvember 1990

um breytingu á II. viðauka við tilskipun ráðsins 66/402/EBE um markaðssetningu
sáðkorns

(90/623/EBE)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 66/402/EBE frá 14. júní
1966 um markaðssetningu sáðkorns ⁽¹⁾, eins og henni
var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar
89/2/EBE ⁽²⁾,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*Samkvæmt nýjustu þekkingu á sviði tækni og vísinda virð-
ast tiltekin afbrigði af höfrum (*Avena sativa*) af gerðinni
„naktir hafrar“ vel fallin til fóðurs.Það er þó erfiðleikum háð að rækta sáðkorn þessara afbrigða
með spírunarhæfni samsvarandi þeirri sem yfirleitt næst í
sáðkornum hafraafbrigða.Framkvæmdastjórnin lýsti því yfir, með tilskipun
88/506/EBE ⁽³⁾, að í ljósi aukinnar þekkingar á sviði
tækni og vísinda væri rétt að lækka prósentutöluna 85 sem
lágmarksspírunarhæfni hreinna sáðkorna, sem mælt er fyrir
um varðandi hafra í II. viðauka við tilskipun 66/402/EBE,
niður í 75% fyrir hafraafbrigði af gerðinni „naktir hafrar“.Þessi lækkun gildi einungis til 30. júní 1990 svo hægt væri að
safna tæknilegum upplýsingum um þessi afbrigði og meta
þær.Tæknilegar upplýsingar sýna að rétt er að láta lækkunina
gilda áfram í afmarkaðan tíma svo hægt verði að safna
frekari tæknilegum upplýsingum um þessi afbrigði og meta
þær.Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í tilskipun þessari eru
í samræmi við álit fastanefndar um fræ og fjölgunarefni í
landbúnaði, garðyrkju og skógrækt.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Í tilskipun 66/402/EBE, d-lið B-hluta 2. mgr. II. viðauka,
komi „31. desember 1992“ í stað „30. júní 1990.“

2. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 7. nóvember 1990.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ray MAC SHARRY

framkvæmdastjóri.⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. 125, 11. 7. 1966, bls. 2309/66.⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 5, 7. 1. 1989, bls. 31.⁽³⁾ Stjtið. EB nr. L 274, 6. 10. 1988, bls. 44.